

# Fundargerð 22. fundar

## siðanefndar sambandsins

Árið 2019, fimmtudaginn 11. júlí kl. 11:00 kom siðanefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Sigurður Kristinsson, Erling Ásgeirsson og Anna G. Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Sigurður Kristinsson tók þátt í fundi í gegnum netið.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar - 1801019SA

Fundargerð 21. fundar siðanefndar sambandsins frá 25. júní lögð fram til samþykktar.

*Fundargerð samþykkt og verður undirrituð á næsta fundi.*

### 2. Erindi frá Hafnarfjarðarkaupstað - 1907005SA

Lögð fram umleitun forsetanefndar Hafnarfjarðarkaupstaðar, sbr. samþykkt 24. júní sl, um álit siðanefndar á erindi Ólafs Inga Tómassonar bæjarfulltrúa og formanns skipulags- og byggingarráðs, sem komið var á framfæri með tölvupósti, dags. 2. júlí sl.

*Samþykkt að fela formanni að undirbúa drög að svari, m.a. með hliðsjón af máli 1/2017, og fresta afgreiðslu til næsta fundar.*

### 3. Uppfærðar leiðbeiningar um gerð siðareglna - 1806010SA

Framhald umfjöllunar um uppfærðar leiðbeiningar til sveitarfélaga.

*Ellisif Tinna Víðisdóttir lögfræðingur á kjarasviði mætti á fundinn og fór yfir hugmyndir um fagrað Sambandsins.*

*Málið verður áfram til vinnslu innan nefndarinnar.*

Fundi var slitið kl. 13:00

---

Sigurður Kristinsson

---

Erling Ásgeirsson

---

Anna G. Björnsdóttir